



## Koppaþjálfun

Mikilvægt er að fylgjast með því hvenær barn hefur náð þroska og sýni áhuga á að nota kopp. Forðist að þvinga barn á koppinn.

Börn eru yfirleitt tilbúin um 2 ára aldurinn.

Leyfið barni að leika sér á koppnum til að byrja með.

Jákvæð styrking er góð. Mælt er með því að umbuna jafnóðum hegðun barns.

Það getur verið tímafrekt að venja barn á koppinn.

Verið þolinmóð og gefið barni þann tíma sem það þarf til að hætta með bleiu.



Ekki taka næturbleiu fyrr en barn er orðið bleiulaust á daginn.

Það er eðlilegt að barn þurfi næturbleiu allt að ári eftir að það hefur náð tökum á því að halda sér þurru á daginn.

Það er algengt og eðlilegt að börn pissi undir á næturna fram til 5 ára aldurs.

Gott samstarf foreldra um koppaþjálfun barns er mikilvæg svo vel gangi.

Hrós er mikilvægt